

L Ö G

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. tölul. 48. gr. laga nr. 93 frá 19. júní 1933 orðist þannig:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

2. gr.
2. tl. 49. gr. sömu laga orðist þannig:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana.

3. gr.
4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. ásamt 49. gr. a sömu laga falla úr gildi.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
2. tl. 45. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, orðist svo:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri upphæð frá sýningardegi.

2. gr.
2. tl. 46. gr. sömu laga orðist svo:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri fjárhæð frá þeim degi, er hann greiddi hana.

3. gr.
46. gr. a sömu laga falli úr gildi.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.